

**Ed.**

**783. Breytingartillaga**

**[308. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá Jóni Árnasyni, Steingrími Hermannssyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í stað síðustu málsg. 4. gr. laganna komi:

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar. Starfslið telst ekki til ríkisstarfsmanna, en kjör skulu ákveðin með hliðsjón af launakjörum ríkisstarfsmanna og hliðstæðra stofnana.